

## REGLUGERÐ

**um upphæðir greiðslna og frítekjumarks samkvæmt lögum um greiðslur  
til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.**

### 1. gr.

Upphæðir greiðslna og frítekjumarks samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna skulu verða sem hér segir:

- a. Hámarksfjárhæð skv. 3. mgr. 11. gr. laganna skal nema 535.700 kr. á mánuði.
- b. Greiðsla til foreldris í námi skv. 14. gr., sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna skal nema 134.300 kr. á mánuði.
- c. Grunngreiðsla skv. 1. mgr. 19. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. laganna skal nema 134.300 kr. á mánuði.
- d. Barnagreiðslur skv. 1. mgr. 21. gr. laganna skulu nema 19.760 kr. á mánuði.
- e. Sérstakar barnagreiðslur skv. 1. mgr. 21. gr. laganna skulu nema 5.720 kr. á mánuði vegna tveggja barna og 14.872 kr. á mánuði vegna þriggja barna.
- f. Frítekjumark skv. 2. mgr. 22. gr. laganna skal vera 53.800 kr. á mánuði.

### 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 10. mgr. 11. gr., 3. mgr. 16. gr., 4. mgr. 20. gr., 4. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 22. gr., sbr. 31. gr. laga nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, sbr. lög nr. 158/2007, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2008.

*Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 9. maí 2008.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Águst Þór Sigurðsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 26. maí 2008